

## 7. fundur Skipulagsnefnd haldinn Strandgötu 38, þriðjudaginn 21. mars 2023 og hófst hann kl. 16:00.

### Fundinn sátu:

Lilja Magnúsdóttir (LM), Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN), Bára Mjöll Ragnheiðardóttir (BMR), Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

### Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Formaður bauð fundarfólk velkomid og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því 7. fund lögmætan.

Aðalfulltrúinn Kristinn Marinósson boðaði forföll og sat varafulltrúinn Bára Mjöll Ragnheiðardóttir fundinn í hans stað.

Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi, tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

### Dagskrá:

#### 1. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Lögð fram vinnslutillaga að endurskoðun aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps 2019-2039. Skipulagsgögn innihalda skipulagstillagsgreinargerð ásamt forsendum og umhverfismatsskýrslu, þéttbýlis-, sveitarfélagsuppdrátt og skýringaruppdrætti.

*Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða framlagða tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Tálknafjarðar á vinnslustigi. Skipulagstillagan skal kynnt íbúum á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps frá 30. mars 2023 og skal sú kynning standa yfir til 5. maí 2023. Á forkynningarstigi verður hægt að koma með ábendingar í tölvupósti á netfangið [talknafjordur@talknafjordur.is](mailto:talknafjordur@talknafjordur.is). Unnið verður úr ábendingum um innihald tillögunnar og tillagan síðan lögð fyrir skipulagsnefnd og sveitarstjórn að nýju. Kynning aðalskipulagstillögu á vinnslustigi verði skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2020.*

#### 2. Breyting á aðal- og deiliskipulagi á Gileyri - 2210466

Lagðar fram umsagnir um lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 varðandi fiskeldi á Gileyri við Tálknafjörð. Umsagnir liggja fyrir í erindum frá Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 03.02.2023, Minjastofnun Íslands dags. 07.02.2023, Skipulagsstofnun dags. 16.02.2023, Umhverfisstofnun dags. 17.02.2023 og Heilbrigðisteftirliti Vestfjarða dags. 15.03.2023.

Ingibjörg Jóna Nóadóttir vakti athygli á vanhæfi sínu í málinu og vék af fundi við afgreiðslu þess. Varafulltrúinn Ásgeir Jónasson tók sæti hennar á fundinum við afgreiðslu málsins.

*M.t.t til framkominna ábendinga í umsögnum sem bárust við lýsinguna þá telur sveitarfélagið að það sé mikilvægt að það komi fram í umhverfismatsskýrslu breytingartillögunnar hvernig tilhögun fráveitu verði, gerð verði grein fyrir samlegðaráhrifum fráveitu á viðtaka og vöktun vistkerfis skilgreind. Jafnframt verði gerð grein fyrir vatnstöku, meðferð úrgangs og sleppivörnum. Þá er vakin athygli á hlutverki*

*Umhverfistofnunar sem leyfisveitanda varðandi lagnir í sjó.*

**3. Virkjun við Sellátra - 2303048**

Erindi frá Eignarhaldsfélaginu Sellátur ehf. dags. 08.03.2023 þar sem óskað er eftir leyfi til að hefja framkvæmdir við endurbyggingu vatnsvirkjunar í landi Sellátra í Tálknafirði.

*Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að skipulagsfulltrúa verði heimilt að veita framkvæmdaleyfi sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 11. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfis nr. 772/2012 með fyrirvara um jákvæða umsögn Minjavarðar.*

**4. Skipulagslýsing vegna áforma um stækkun Mjólkárviðskjalavirkjunar - 2301104**

Umsögn sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps frá 607. fundi hennar sem fór fram 14.02.2023 um skipulagslýsingu vegna áforma um stækkun Mjólkárviðskjalavirkjunar og afhendingu grænnar orku.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:25.**

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN)

---

Bára Mjöll Ragnheiðardóttir (BMR)

---

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)